



Eirberg

Notkunarleiðbeiningar FAKTO göngugrind



Vörunúmer DIE-329NPU

Stöðug göngugrind með góðri bremsu og sæti, bakki, karfa og hækjuhaldari fylgja.

- Þyngd 8,9 kg (+/-0,5 kg)
- Lengd 68 cm
- Breidd 57 cm
- Hæð 80,5 cm
- Samanlögð L 25cm x B 57 cm x H 91 cm
- Hæðarstilling á handföngum 80,5 cm – 99 cm
- Sethæð 61,5 cm
- Hjólastærð 200x50 mm
- Burðarþol 130 kg
- Plastbakki, burðarþol 2 kg

- Karfa, burðarþol 5 kg
- Litur: grár

Hægt er að leggja grindina saman. Bremsur eru þægilegar, auðvelt að ýta þeim niður og handföng formuð og veita gott grip fyrir hendur.

Áður en farið er að nota göngugrindina er mikilvægt að stilla hæð á handföngum miðað við þarfir notandans og athuga að bremsurnar virki.

Hlutilisti

1. Sæti
2. Handföng/bremsur (festist við að ýta handföngum niður)



3. Snerill til að stilla hæð á handföngum



4. Afturhjól með bremsum
5. Framhjól (sveifluhjól)
6. Grind
7. Fellivörn til að leggja grindina saman (svört klemma)



8. Þverslá (rör)

Samsetning

1. Setjið handfangsrörin minnst 10 cm ofan í grindarrörin
2. Festið snerilinn
3. Með því að ýta þverslánni niður og þegar smellur í fellivörninni (staðsett hægra megin) þá er grindin tilbúin til notkunar

Að leggja grindina saman

1. Takið körfuna og bakkann af
2. Losið bremsur
3. Losið fellivörnina með því að þrýsta á hana og lyfta upp þverslánni

Stilling á handföngum

1. Losið snerilinn sem festir handfangið, með því að snúa til vinstri (rangsælis)
2. Stillið handfangið í þá hæð sem hentar og festið snerilinn með því að snúa til hægri (réttisælis). Rörið þarf að ganga ofaní rammarörið að lágmarki 10 cm
3. Það er mælt með því að stilla handföngin um það bil í hæð við úlnliðskúluna þegar notandi stendur beinn með handleggi niður með síðum
4. Stillið bæði handföngin í nákvæmlega sömu hæð

Bremsur

Ef bremsur losna þá er hægt er að stilla þær með stilliskrúfu upp við bremsuna að framanverðu. Til að herða bremsuna þá þarf að losa um skrúfuna sem er nær handfanginu og snúa skrúfunni til vinstri (rangsælis). Framan við stilliskrúfuna er öryggisskrúfa sem einnig þarf að herða, þegar átt er við stilliskrúfuna. Aldrei losa um skrúfuna án þess að herða aftur. Setja bremsubarka í krækjur framán á grindinni fyrir neðan sætið.



Bakki

Bakkinn er til þess að flytja eða geyma smáhluti. Tappar neðan á bakkannum eiga að falla í göt á sætinu til þess að bakkinn sé stöðugur. **Athugið! Að ekki má setja heita hluti á bakkann né of þunga eða beitta hluti.** Ekki má setjast á bakkann.

Karfa

Karfan er hengd á króka á þverslánni undir sætinu og snýr fram á við. Ekki má setja meiri þyngd en 5 kg í körfuna.

Sætið

Áður en þú sest á sætið skaltu aka grindinni á láréttan flöt og setja hana í bremsu báðum megin. Þunginn á að koma beint niður á mitt sætið.

Umhirða og viðhald

Þrifið grindina með rökum klút og mildu hreinsiefni (uppvottalegi). Þurrkið vel á eftir. Gætið þess að ekki sitji bleyta eða sápulögur eftir í rörunum. Þrifið reglulega hár og óhreinindi sem vilja festast við hjólin.

ÖRYGGISATRÍÐI

1. Notið FAKTO göngugrindina alltaf alveg opna (fellivörnin sé læst)
2. Fyrir notkun þarf að ganga úr skugga um að festingar á handföngum séu vel hertar og að handföng vísi aftur og séu í réttri hæð
3. Notið FAKTO göngugrindina aðeins á sléttum fleti, EKKI í þrepum, grýttri götu eða í miklum bratta
4. Bremsið grindina ávallt með báðum bremsum í einu
5. Aldrei skal styðja sig við bremsurnar heldur nota handföngin
6. Setjist aldrei á sætið nema að grindin sé í bremsu
7. Gætið þess að ef farið er með grindina í hálfu eða snjó þá er lítið gagn af bremsunum og grindin getur runnið til
8. Gangið úr skugga um að karfa og bakki séu vel fest
9. Hámarks þyngd á farangri í körfu er 5 kg en 2 kg á bakka

Framleiðandi: Dietz Rehaprodukte, Þýskalandi

Seljandi:



Eirberg

Eirberg ehf., Stórhöfða 25, 110 Reykjavík, sími 569 3100, www.eirberg.is .

Verzlunin er opin virka daga kl. 9:00-18:00 og á laugardögum yfir vetrartímann kl. 11:00-15:00.